



FÉLAG ÍSLENSKRA BARNALÆKNA

2. desember 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra, 52. mál.

Kæra Velferðanefnd

Félag íslenskra barnalækna þakkar boð um að senda inn umsögn um ofangreint mál og fagnar umræðu um bættu geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga á Íslandi.

Tillagan leggur til að skima fyrir tilfinningavanda barna- og unglinga. Við leggjum til að það verði vandlega skoðað hvort og hvernig viðbótar skimun, með tilheyrandi kostnaði, hjá öllum börnum og unglingum hér á landi, sé til bóta. Það eru vísbendingar um að börn sem eru í erfiðleikum séu nú þegar fundin. Þetta sést helst á því að mjög stór hluti þeirra er nú víða í meðferð eða á biðlistum í þjónustukerfinu. Það er virkileg þörf á að efla annars stigs þjónustu eins og þroska- og hegðunarstöð (PHS) og önnur þverfagleg teymi um landið. Til dæmis má nefna að bið eftir þjónustu hjá PHS er um 10-12 mánuðir. Það hefur lítið upp á sig að skima ef ekki það strandar á nánari greiningar og meðferðarúrræðum. Meiri skimun gæti leitt til að álag á börn og unglinga í viðkæmri stöðu aukist og leitt til þess að fleiri börn fái meðferð í kjölfarið.

Samkvæmt faglegu og siðferðilegu sjónarmiði þá verður að setja upp skýra viðbragðsáætlun eða verkferli í kjölfar hvers konar heilbrigðisskimun. Sú áætlun þarf að vera vel útfærð og meðferð í kjölfarið þarf að vera byggð á sannreynðum aðferðum, þ.e. þarf að hafa viðurkennt vísindalegt gildi gagnvart viðkomandi vanda. Til dæmis er umdeilt á hversu ungum börnum hugræn atferlismeðferð gagnast. Þá ber að hafa í huga að viðamikil skimun í öllu þýði heillar þjóðar gæti leitt til aukinnar notkunar lyfja. Það þarf ekki að vera slæmt í völdum tilvikum að beita lyfjameðfert og barnalæknar vilja benda á að varast það að orðræðan skapi fordóma gagnvart lyfjum og þeim sem nota lyf. Lyfjameðferð getur í mörgum tilvikum skipt sköpum fyrir hóp barna- og unglinga með þroska-, hegðunar- eða tilfinningavanda.

Styrkja mætti starfsemi skólaheilsugæslunnar, sem vinnur nú þegar að forvörnum innan skólakerfis, og auka við þjónustu sálfræðinga hjá heilsugæslunni. Það er virkilegt fagnaðarefni að auðvelda aðgengi þessa hóps að þjónustu viðeigandi fagaðila, þar með talið sálfræðinga, nálægt viðverustað barnanna. Börn og unglingar sem þurfa á geðheilbrigðisþjónustu að halda eru oft með undirliggjandi röskun í taugaproska, þ.e. líffræðilegan vanda sem mikilvægt er að mæta sem fyrst. Ef þörfum þessara barna er mætt snemma þá benda rannsóknir til að það bæti horfur og líðan þeirra til lengri tíma. Það mætti stuðla að meiri sveigjanleika í skólakerfinu og tillagan gerir ráð fyrir aukinni fjölbreytni fagstétta í skólum, sem ber að fagna.



FÉLAG ÍSLENSKRA BARNALÆKNA

Félaginu lýst vel á að stuðla að auknu samstarfi fagfólks og stofnana sem starfa á sviði geðheilbrigðis barna og unglunga, með skýrari verkaskiptingu og teymisvinnu eins og fram kemur í tillögunni. Það er hugsanlegt að hægt sé að nýta þann mannauð sem nú þegar starfar í málaflokknum á markvissari hátt.

Félagið vill vekja athygli á því að nýlegt frumvarp til laga (mál 257) um breytingu á starfsemi Greiningarstöðvar ríkisins gæti stuðlað að veikleikum í mikilvægum hlekk í þjónustu á sviði þroska- og geðheilbrigðis barna og unglunga á hér á landi. Sjá nánar nýlega umsögn stjórnar fibl varðandi það mál á vef Alþingis.

Virðingafyllst,

Fyrir hönd Félags íslenskra barnalækna

Ingólfur Einarsson, formaður
ingolfure@gmail.com